

# Naustaskóli



## Starfsáætlun 1. bekkjar 2024-2025

**Berglind Hannesdóttir - umsjónarkennari**

**Aníta Hrund Hjaltadóttir – umsjónarkennari**

**Stella Bryndís Karlsdóttir - umsjónarkennari**

**Vala Björt Harðardóttir - umsjónarkennari**

## Námsumhverfi/skipulag

Nemendur verða 36 í vetur, umsjónarhópar verða fjórir og skiptast jafnt á milli umsjónarkennara í 100% stöðu en umsjónarkennari í 80% stöðu mun hafa færri umsjónarnemendur. Í teyminu eru fjórir umsjónarkennarar og fjórir stuðningsfulltrúar. Stoðkennari verður í 1. -3. bekk sem mun koma að málum nemenda í 1. bekk. Einnig mun Ísat kennari 1.-3. bekkjar taka að sér kennslu þeirra sem þurfa í 1. bekk. Umsjónarkennarar sjá um alla kennslu nema sund, íþróttir og tónlist.

Leitast verður eftir því að hópurinn myndi eina bekkjarheild en unnið verður í fjölbreyttum minni hópum. Reiknað er með að hver umsjónarkennari hafi sinn umsjónarhóp sem er þá tengiliður við foreldra en að allir kennarar muni koma að kennslu allra nemenda á einn eða annan hátt og bera sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum. Unnið verður í margskonar hópum í vetur, allt fer það eftir viðfangsefni og hvernig námsaðlögun verður háttáð hverju sinni. Kennslufyrirkomulag verður þannig að mikið verður unnið í stöðvavinnu þar sem hægt er að sníða lengd stöðva eftir því hvert viðfangsefnið er og einnig eftir því hve langt úthald nemenda er. Einnig verður útiskóli einu sinni í viku.

Námsmarkmið verða kynnt fyrir nemendum hverju sinni og höfð sýnileg inni á svæði. Verk nemenda verða hengd upp í hæð þeirra eins og kostur er.

Kenndir verða 30 tímar á viku frá klukkan 8:10 á morgnanna til 13:00 á daginn nema á mánudögum þar sem nemendur koma á misjöfnum tíma úr sundi. Frístund tekur við nemendum áður en þau fara í sund og þegar þau koma úr þeim ferðum.

Markmiðið er að byrja alla morgna með sama sniði. Byrjað er í krók og farið yfir daginn með nemendum, dagatal er skoðað, tala dagsins er tekin fyrir í tengslum við 100 daga hátíðina og lag vikunnar sungið. Eftir það fara nemendur í vinnu á stöðvum eftir skipulagi vikunnar.

Kennsluhættir verða fjölbreyttir og athafnamiðaðir en unnið verður út frá hugmyndafræði og aðferðum sem einkenna Leiðsagnarnám. Einnig verður unnið eftir aðferðum

[Byrjendalæsis](#) þar sem nemendur læra að lesa út frá völdum textum s.s. bókum eða ljóðum. Leitast verður eftir að notaðir verði svokallaðir gæðatextar. Lögð verður áhersla á talmál, ýmsa textavinnu, samband stafs og hljóðs, reynslu nemenda o.fl. Einnig er mikið lagt upp úr lesskilningi, ritun og orðaforða. Lögð verður áhersla á að nemendur verði virkir þátttakendur í eigin námi og að þeir geti yfirfært það á daglegt líf. Unnið verður í hringekjum og stöðvum, í litlum hópum og í stórum hópum.

Unnið verður eftir ársáætlun veturinn 2024-2025. Byrjendalæsisáætlanir verða unnar út frá ársáætlun og eru ítarlegri lýsing á þeim markmiðum sem unnið er með hverju sinni í þeim áætlunum.

## Námsgreinar

### Námsgreinar

Þær námsgreinar sem kenndar verða af umsjónar kennurum í fyrsta bekk eru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni. Íþróttir, sund og tónlist kenna aðrir kennarar. Þjálfun þrautseigju og að tileinka sér vaxandi hugarfar verður fléttað inn í allar námsgreinar þar sem það er hluti af hugmyndafræði [Leiðsagnarnáms](#). Unnið verður út frá teiknimyndunum frá Classdojo um hugarfar vaxtar og verðar þær nýttar sem kveikjur í umræður ásamt því að nemendur öðlist skilning á því hvaða áhrif hægt er að hafa á eigið hugarfar.

### Jákvæður agi og bekkjarfundir

Jákvæður agi kemur fyrir í bekkjarstarfinu reglulega í viku hverri. Bekkjarfundir þar sem nemendur sitja í hring verða eftir hádegismat í síðustu lotu dagsins eða 4 sinnum í viku í 10 - 15 mínútur í senn. Hópnum er skipt í tvennt á fundum og munu nemendur 1. bekkjar smám saman læra hefðbundið bekkjarfundaform með dagskrá ásamt því að læra að setja sjálf mál á dagskrá. Í föstudagspóstum kemur fram hvert verkfæri vikunnar

er hverju sinni og unnið verður eftir sérstakri kennsluáætlun með jákvæðan aga. Einu sinni í viku er svo jákvæðs aga stöð þar sem verður farið í verkfæri jákvæðs aga.

## **Þemu**

Þemu verða fléttuð inn í Byrjendalæsisáætlanir vetrarins. Unnið verður með níu þemu þetta skólaárið. Þau þemu sem við vinnum með í vetur eru eftirfarandi í tímaröð;

- Vináttuþema
- Haustið - Greppikló
- Ég, fjölskyldan og vinir; mismunandi fjölskyldugerðir
- Grýlukvæði og jólasveinarnir - jólaþema
- Álfa- og huldufólk
- Þjóðsagnahefð
- Svona varð ég til
- Árshátíð
- Íslensk húsdýr
- Endurvinnsla

## **Stærðfræði**

Í stærðfræði kennslunni verður lögð áhersla á fjölbreytt verkefni og viðfangsefni. Unnið verður með efnið Neisti - Lærum saman og hugsum djúpt þar sem umræður er grundvallaratriði kennslustundarinnar. Stærðfræði bókin Sproti verður notuð ásamt, námsleikjum í Ipad og ýmis önnur hlutbundin vinna verður einnig í stöðvavinnu s.s. vinna með numicon, kubba og fleiri stærðfræðigögn.

## **Upplýsingatækni**

Spjaldtölvur eru markviss þáttur í kennslunni. Við nýtum námsleiki á leikjavef mms.is í tengslum við markmið kennslunnar hverju sinni til að auka fjölbreytileika. Ýmis öpp og námsleikir eru notuð í spjaldtölvunum. Leikurinn GraphoGame verður markvisst notaður í lestrarþjálfun. Einnig eru tölvurnar nýttar til upplýsingaöflunar og námsaðlögunar. Reynt verður að flétta upplýsingatæknina inn í sem flest, bæði námsgreinar og þemun.

## Vettvangsferðir

Farið verður í nokkrar vettvangsferðir á skólaárinu, verða þær tengdar þeim þeimum sem unnið verður með hverju sinni. Sem dæmi er haust gönguferð í Naustaborgir, ferð á Minjasafnið, bókasafnsferð ásamt því að okkur verður boðið á skauta.

## Viðburðir

Viðburðir geta verið ákveðnir með stuttum fyrirvara en þeir viðburðir sem ákveðnir eru nú þegar eru m.a.:

- Að nemendur bjóði foreldrum sínum formlega einu sinni til tvisvar í heimsókn í skólann þar sem nemendur verða með atriði sem þeir flytja fyrir foreldra sína og sýna afrakstur vinnu sinnar.
- Árshátíð skólans verður haldin 10. og 11. apríl þar sem 1. bekkur verður með vel æft atriði.
- Hundrað daga hátíðin verður haldin með pompi og prakt í kringum hundraðasta skóladaginn. Þá mega nemendur koma í búningum, við sláum upp balli og gerum okkur glaðan dag. Börnin fá einnig 10 tegundir af góðgæti og 10 stykki af hverju og samtals telja þau sér 100 stykki af góðgæti og setja í kramarhús. Við horfum jafnvel á bíómynd á meðan góðgætinu eru gerð góð skil.

## Námsmat

Notaðar verða fjölbreyttar leiðir til að meta stöðu nemenda og námsmat fléttað saman við námsferli nemenda. Notast verður við símat og leiðsagnarmat sem fer fram meðan á kennslu stendur og niðurstöður svo nýttar í þeim tilgangi að læra af þeim, þar sem reglulega verður fylgst með vinnu nemenda og hún skráð í Mentor. Munnlegt mat verður nýtt til að kanna skilning nemenda á viðfangsefninu. Skráð verður í markmiðalista á Mentor í lok hvernar annar hvaða markmiðum börnin hafa náð og það birt foreldrum jafnóðum. Niðurstöður hæfniviðmiða verða birt á Mentor.

Einnig verðar þær skimanir sem eru á skimunaráætlun Naustaskóla lagðar fyrir nemendur og nýttar til námsmats.

## **Nemendasamtöl**

Stefnt er að því að taka skipulögð nemendasamtöl eins og kostur er þar sem hver nemandi er spurður persónulega út í líðan sína og upplifun í skólastarfinu. Reynslan hefur einnig sýnt að þessar umræður eiga sér stað í einhverri mynd nær daglega milli nemenda og kennara.

## **Foreldrasamstarf**

### **Skólafærninámskeið**

Í upphafi vetrar er haldið skólafærninámskeið fyrir foreldra. Bryndís skólastjóri leiðir námskeiðið ásamt deildarstjóra og okkur umsjónarkennurum. Á þessu námskeiði fá foreldrar praktískar upplýsingar um skólastarfið og hvernig þeir geta stutt við barnið sitt í skólastarfinu.

### **Haustrfundur**

Á haustfundi er óskað eftir foreldri frá öllum heimilum árgangsins til að sitja kynningu á starfi vetrarins. Sendur verður út skráningalisti þar sem foreldrar skrá þáttöku. Á þessum fundi eru foreldrar hvattir til að taka sameiginlega ábyrgð á námi barna sinna í góðu samstarfi við skólann. Einnig er hvatt til samskipta með því að óska eftir fundum eða símtölum ef þurfa þykir.

## **Nemendasamtöl**

Fyrstu tvo daga skólaársins eru nemendasamtöl. Þá koma foreldrar með börnin sín í samtali við umsjónarkennara. Næstu viðtöl eiga sér stað 12. nóvember. Á vorönn skólaársins þ.e. 3. og 4. mars eru einnig nemendasamtöl þar sem farið verður yfir námsframvindu nemenda og þeim og foreldrum gefnar leiðbeiningar um framhaldið.

## **Foreldraboð**

Stefnt verður að því að halda eitt til tvö formleg foreldraboð í lok ákveðinna þema. Í slíku boði verða nemendur með atriði fyrir foreldra sína og sýna þeim afrakstur vinnu sinnar.

Að auki mæta foreldrar á árshátíð skólans eins og segir hér að framan og horfa á sýningu barna sinna. Í námsmöppum barnanna hafa þeir svo tækifæri til að koma áliti sínu á framfæri varðandi skólastarfið.

## **Föstudagspóstur**

Föstudagspóstur verður sendur einu sinni í viku til foreldra þar sem farið er yfir hvernig liðin vika gekk og upplýsingar birtar um helstu áherslupætti vikunnar á eftir. Í föstudagspóstum verður farið stuttlega yfir það sem verið er að vinna með hverju sinni, s.s. hvaða þema er og hvaða viðfangsefni eru í stærðfræði.